

## AUGLÝSING

167

20. ágúst

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarfélag Ólafsfjarðar  
í Eyjafjarðarsýslu, nr. 104 frá 7. nóv. 1947.

9. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er nemur alls kr. 75 000.00.  
Tekjur stofnsjóðs eru:

- a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð, er það greiðist, sem styrkur til vélakaupa félagsins.
- b. Framlag Búnaðarsambands Eyjafjarðar.
- c. Afgangurinn sé óafturkræft beint framlag Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, er eigi má nema minna en  $\frac{1}{4}$  stofnfjárins, svo og stofnfjárlán, tryggt með ábyrgð Búnaðarfélagsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. ágúst 1951.*

**Hermann Jónasson.**

Árni G. Eylands.

## REGLUR

168

30. ágúst

um Sundlaug Búðakauptúns.

1. gr.

Eigandi sundlaugarinnar er Búðahreppur í Suður-Múlasýslu.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, undir nafninu Sundlaug Búðakauptúns.

3. gr.

Þriggja manna nefnd annast rekstur sundlaugarinnar. Skal nefndin kosin af hverri nýkjörinni hreppsnefnd Búðahrepps og gildir kosning hennar sama tíma og hreppsnefndarinnar. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér störfum.

4. gr.

Nefndin ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart hreppsnefnd. Afrit af ársreikningum sendist íþróttanefnd ríkisins.

5. gr.

Nefndin skal halda nákvæma gjörðabók um störf sín og rekstur laugarinnar.

6. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar er meðal annars:

- a) að skipuleggja afnot íþróttaiðkenda af lauginni,